

**7. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 16. mars 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi, Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður og Davíð Rúnar Gunnarsson (DRG) embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi er viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað.

Formaður óskar eftir afbrigðum við dagskrá. Við bætast mál nr.1405020 og 1501009.

Sigurvin Hreiðarsson víkur fund undir lið 2.

Dagskrá:

1. 1502061 - Beiðni um framkvæmdaleyfi til efnistöku og efnisvinnslu í Hálfán.

Tekið fyrir erindi Ólafs Sveinssonar, fyrir hönd Tak-Malbiks ehf. dagsett 10. febrúar 2015. Óskað er eftir framkvæmdaleyfi til efnistöku og vinnslu í Hálfán, meðfylgjandi er uppdráttur og greinargerð sem lýsa framkvæmdinni.

Málinu frestað.

2. 1411089 - Umsókn um byggingarleyfi - Norður Botn

Umsókn um byggingarleyfi frá Dýrfisk hf, kt 700307-0450. Sótt er um leyfi til byggingar á 7636 m² fiskeldisstöð í landi Norður-botns II, landnr. 140294. Erindinu fylgja teikningar unnar af Vigfúsi Halldórssyni kt 100760-5849, dagsettar 06.11.2014.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis fyrir hús H1 og H3. Áður en hægt verður að gefa út byggingarleyfi fyrir hús H2 verður að liggja fyrir niðurrifsvottorð á matshl. 05, fastanr. 212-4282.

3. 1501068 - Umsókn um byggingarleyfi - Háanes

Lagt fram til kynningar erindi frá GINGI teiknistofa varðandi fyrirhugaða umsókn um byggingarleyfi fyrir fóðurstöð á Háanesi í landi Stóra Laugardals.

Byggingingarfulltrúa falið að svara bréfitara.

4. 1503018 - Umsókn um leyfi til að setja upp skúr yfir borholu vegna neysluvatns.

Erindi frá Torfa Elís Andrésyni. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir garð- og smáhýsi á landi Gileyrar, landnr 140292. Erindinu fylgir riss.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir umsækjanda á að skv. gr.2.3.5 6-lið byggingarreglugerðar 112/2012 séu smáhýsi undir 15m² undanþegin byggingarleyfi. Þar kemur einnig fram að skilyrði sé að smáhýsi sé án vatnslagna, rafmagns og hitunar. Sé það ósk umsækjanda að fá smáhýsin skráð þurfa ítarlegri gögn að berast, uppáskrifuð af þ.t.b. aðila.

5. 1310027 - Önnur mál

Rætt um sjálfsafgreiðslustöðvar á hafnarsvæði.

6. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.

Í óveðri sem gekk yfir landið aðfararnótt 14. mars 2015 fauk hluti Strandgötu 28 á Tálknafirði. Þessi bygging mun vera í eigu Olíudreifingar ehf.

Til sveitarfélagsins hefur leitað eigandi húss er varð fyrir foki úr byggingu þessari og sagði farir sínar ekki sléttar. Plötur hefðu verið fjúkandi úr húsinu en vindur staðið á heimili sitt. Einnig að þakið hefði lyfst, og voru aðilar úr björgunarsveitinni Tálkna á svæðinu og tryggðu að ekki yrði frekara tjón.

Óskað hefur verið eftir því áður að byggingin yrði fjarlægð áður en til svona ástands kæmi, en því hefur ekki verið sinnt.

Ákveðið er að gefa 20 daga frest til að fjarlægja bygginguna.

Að þeim tíma liðnum munu verða lagðar dagsektir á húseiganda þar til úr þessu hefur verið bætt og húsið rífið. Dagsektir eru ákveðnar 50.000 kr. fyrir hvern almanaksdag þar úr hafi verið bætt.

7. 1501009 - Skipulagsmál - sameiginleg.

Tekið fyrir erindi frá sveitarstjórn vegna sameiginlegrar vinnu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps við skipulagsmál.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tilnefnir Lilju Magnúsdóttir sem fulltrúa nefndarinnar í samráðshópinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.
